



BVX2B01 Verkstæðisfræði

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Ágúst Ingi Friðriksson

Netfang/netföng:

agust@bhs.is

Lýsing:

Farið yfir samskipti milli starfsmanna á vinnustað og viðskiptavina. Framkoma við viðskiptavini: ráðlegging, útskýringar á viðgerðarþörf, fyrirspurnir og kvartanir. Hvernig getur viðgerðamaður viðhaldið þekkingu sinni og hæfni. Farið yfir skipulag vinnu, verkfæranotkun, upplýsingaöflun og aðferðir við bilanagreiningu. Notkun viðgerða- og handbóka. Mikilvægi sanngirni og heiðarleika í samskiptum. Nauðsyn skipulegra vinnubragða og heildaryfirsýnar við störf.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið; *nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- nauðsyn góðra samskipta og trausts á milli þeirra sem tengjast starfi viðgerðamannsins
- gildi tjónamatskerfa
- kröfum um ástand og öryggi í reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Hæfniviðmið; *nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skipuleggja vinnu sína svo að árangur starfsins verði sem bestur
- skrá vinnuskýrslu um verk sín
- nota skoðunarhandbók Umferðarstofu
- finna upplýsingar í viðgerða- og handbókum
- gert einfalda áætlun um viðgerð á bifreið

Námsmat:

Verklegt mat: Gildir 30% af lokaeinkunn

Nemandinn lýsir hvar og hvernig megi finna ýmsar upplýsingar sem varða vinnuvistfræði, viðgerðir og reglur eða fyrirmæli um verkstæðisbúnað, ökutæki og umferð. Hann tekur þátt í hlutverkaleikjum nemendahópsins um viðfangsefni áfangans

Skriflegt mat: Gildir 50% af lokaeinkunn

Nemandinn leysir verkefni/próf um almenna og fræðilega þætti áfangans

Virgni og þátttaka: Gildir 20% af lokaeinkunn

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi, viðhorf nemanda á námið og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn.

Nemandi þarf að klára 95% af öllum prófum/verkefnum svo þau séu tekinn gilt til mats.

Verkefnalisti:**Verklegar æfingar: 30%**

- Heimsókn á verkstæði og kynnst starfsemi og starfsháttum bílaverkstæðis.
- Halda kynningu fyrir kennara og samnemendur.

Skrifleg æfingar: 50%

- Vehicle, Customer, and Service Information
- Effective Listening Skills
- Effective Speaking Skills
- Effective Reading and Writing
- Employability Habits and Customer Service

Námsgögn:

- Modern automotive Technology (ensk útgáfa) ISBN 3-8085-230-8 eða nýrri útfærslu,
- Gögn frá kennara sem er að finna á innu.is

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og búnað ef við á.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrífa og ganga frá verkfæri á sitt heimili.

Í lok kennslutíma þrífa nemendur vinnusvæði

Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	Kynning á áfanga. Fyrirlestur - samskipti og viðgerðarupplýsingar.	
2	Fyrirlestur - samskipti og viðgerðarupplýsingar, verkefnavinna. Heimsókn á verkstæði	
3	Fyrirlestur - samskipti og viðgerðarupplýsingar, verkefnavinna. Heimsókn á verkstæði	
4	Verkefnavinna. Heimsókn á verkstæði	
5	Skil á verkefnum og prófskil.	

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.